



Upplýsingagjöf við tilkynningu um virkan eignarhlut

Sbr. 41. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 58. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, 5. gr. laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu, 16. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, 13. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og 14. gr. laga nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris

Tilkynning um virkan eignarhlut skal innihalda þær upplýsingar sem beðið er um í þessum gátlista. Gátlistinn er unninn af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) með hliðsjón af viðmiðunarreglum samstarfsnefnda evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði¹ um mat á aðilum sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði.² Þessar viðmiðunarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, eba.europa.eu. Fjármálaeftirlitið beinir því til tilkynnenda að kynna sér þessar viðmiðunarreglur vel og hafa þær til hliðsjónar þegar tilkynningin er útbúin.

Þessi gátlisti er sameiginlegur fyrir tilkynningar um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki, váttryggingafélagi, greiðslustofnun, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og rafeyrisfyrirtæki. Hér eftir verður vísað til þess fyrirtækis á fjármálamarkaði, sem fyrirhugað er að eignast virkan eignarhlut í, með skammstöfuninni FÁF.³

Fjármálaeftirlitið beinir því til tilkynnanda að svara hverjum og einum lið í þar til gerðan dálk. Í mörgum liðum er gert ráð fyrir því að upplýsingar séu veittar í sérstöku fylgiskjali og skal þá rita heiti fylgiskjalsins í dálkinn (t.d. gæti svar í reit við spurningu 1.6 verið „1.16 ferilskra.pdf“). Ef tilkynnandi telur að einhver liðurinn eigi ekki við hann skal hann gefa það skýrt til kynna, t.d. með því að skrifa „Á ekki við“ í reitinn.

Athugið að fyrirhugaðir eigendur óbeinna, virkra eignarhluta eiga að veita sömu upplýsingar og beðið er um í þessum gátlista. Ekki er til annar gátlisti fyrir fyrirhugaða eigendur óbeinna, virkra eignarhluta.

Ef upp vakna spurningar má hafa samband við Fjármálaeftirlitið áður en tilkynningin er send. Þetta má gera með því að senda tölvubréf á netfangið sedlabanki@sedlabanki.is. Ef tilkynningin er flókin eða vafi leikur á um hvort eitthvert hæfisskilyrði sé uppfyllt beinir Fjármálaeftirlitið því til tilkynnanda að óska eftir fundi með Fjármálaeftirlitinu áður en tilkynningin er send inn.

Eftir að meðfylgjandi skjal hefur verið fyllt út skal fyrirhugaður eigandi sjálfur undirrita það, sé hann einstaklingur, eða þar til bær aðili innan fyrirhugaðs eiganda sé hann lögaðili. Því næst skal senda skjalið, ásamt fylgiskjölum, á netfangið sedlabanki@sedlabanki.is. Vinsamlegast sendið ekki skjalið eða fylgiskjöl beint á einstaka starfsmann. Nánari leiðbeiningar er að finna í lok þessa skjals.

Fjármálaeftirlitið kys frekar að gátlistinn sé undirritaður með rafrænni undirskrift. Áfram er þó heimilt að prenta skjalið út, undirrita það, skanna inn og senda rafrænt til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf getur varðað við lög.

1. E. Joint Committee of the European Supervisory Authorities.
2. E. Joint Guidelines on the prudential assessment of acquisitions and increases of qualifying holdings in the financial sector, JC/GL/2016/01.
3. Þetta er hliðstætt enska hugtakinu „target undertaking“ sem notað er í fyrrnefndum evrópskum viðmiðunarreglum.

1. Upplýsingar um fyrirhugaðan eiganda

Ef fyrirhugaður eigandi er einstaklingur skal svara liðum 1.1-1.7 en sleppa 1.8-1.15 og 1.19-1.27.

Ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili skal sleppa liðum 1.1-1.7 en svara þess í stað 1.8.-1.27.

1.1 Nafn fyrirhugaðs virks eiganda _____

1.2 Fæðingarstaður og dagsetning _____

1.3 Kennitala (eða sambærilegt erlent auðkenni) _____

1.4 Lögheimili og dvalarstaður, ef annar en lögheimili _____

1.5 Símanúmer og netfang _____

1.6 Ítarleg ferilskrá, þar sem fram skulu koma eftirfarandi atriði:

- Menntun og/eða starfsþjálfun
- Fyrri störf
- Stöður sem viðkomandi hefur gegnt eða gegnir enn, t.d. stjórnunarstöður.
- Við tilgreiningu starfa, sem viðkomandi hefur gegnt á undanförunum 10 árum, skal segja frá valdsviði viðkomandi, heimild til ákvörðunartöku innan félagsins og þeim sviðum starfseminnar sem lutu stjórn hans

Sjá fylgiskjal nr. _____

1.7 Afrit af opinberu skilríki fyrirhugaðs eiganda, svo sem vegabréfi

Sjá fylgiskjal nr. _____

1.8 Skráð heiti lögaðila _____

1.9 Kennitala (eða sambærilegt erlent auðkenni) _____

1.10 Lögheimili fyrirhugaðs eiganda (e. registered office) og, ef ekki er um sama heimilisfang að ræða, aðalstarfsstöð (e. principal place of business)

1.11 Símanúmer (aðalnúmer) og netfang _____

1.12 Vefsíða _____

1.13 Viðskiptaheiti, ef við á (e. trading name) _____

1.14 LEI númer, ef til staðar _____

1.15 Vottorð frá fyrirtækjaskrá eða sambærilegt vottorð útgefið af erlendu stjórnvaldi

Sjá fylgiskjal nr. _____

1.16 Nafn, starfsheiti, beint símanúmer og netfang tengiliðs Fjármálaeftirlitsins hjá fyrirhuguðum eiganda

Óskað er eftir því að fyrirhugaður eigandi tilnefni tengilið úr hópi starfsmanna sinna, jafnvel þótt lögmaður kunni að sjá um að útbúa tilkynninguna til Fjármálaeftirlitsins

Nafn _____

Starfsheiti _____

Símanúmer _____

Netfang _____

1.17 Stutt lýsing á þeirri starfsemi sem fyrirhugaður eigandi stundar

Sjá fylgiskjal nr. _____

1.18 Tæmandi listi yfir alla aðila sem stýra starfsemi fyrirhugaðs eiganda

E. Effectively direct. Alltaf skal a.m.k. tilgreina stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Í þeim tilvikum sem framkvæmdastjórn er á hendi fleiri aðila skal tilgreina þá alla.

Fyrir hvern og einn aðila á listanum skal auk þess veita eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn
- Fæðingardagur og fæðingarstaður
- Kennitala eða sambærilegt erlent auðkenni
- Heimilisfang
- Netfang og símanúmer
- Ríkisfang
- Afrit af opinberu skilríki, svo sem vegabréfi
- Ítarleg ferilskrá þar sem fram kemur:
 - o Menntun og/eða starfsþjálfun
 - o Fyrri störf og tímalengd ráðningarsambands
 - o Aðrar stöður sem viðkomandi hefur gegnt eða gegnir enn, t.d. stjórnarseta
 - o Upplýsingar um reynslu viðkomandi af fjármálastarfsemi

Sjá fylgiskjal nr. _____

1.19 Upplýsa skal um

a) beina hluthafa/stofnfjáreigendur fyrirhugaðs eiganda, sem munu eftir hin fyrirhuguðu kaup eiga óbeint í gegnum tilkynnanda a.m.k. 0,5% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í FÁF sem fyrirhugað er að kaupa í,

Dæmi. Ef fyrirhugaður eigandi mun eignast 100% hlut í fyrirtækinu á fjármálamarkaði skal upplýst um þá sem eiga 0,5% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutafé í fyrirhuguðum eiganda. Ef fyrirhugaður eigandi mun eignast 50% hlut skal upplýsa um þá sem eiga 1% eða meira, ef fyrirhugaður eigandi mun eignast 10% hlut í skal upplýsa um þá sem eiga 5% eða meira o.s.frv.

b) beina hluthafa/stofnfjáreigendur fyrirhugaðs eiganda sem hafa veruleg áhrif á stjórnun hans,

c) óbeina hluthafa/stofnfjáreigendur í gegnum aðila í a- og b-lið, alveg upp í móðurfélag

Skulu upplýsingarnar uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Upplýsingarnar skulu miðast við dagsetningu tilkynningar
- Upplýsingarnar skulu afhentar rafrænt í Excel skjali þar sem fram kemur
 - o fjöldi útistandandi hluta,
 - o nafn hluthafa,
 - o hlutir í eigu viðkomandi (brotið niður á hlutaflokk, ef við á),
 - o hlutfallsleg eign hvers hluthafa,
 - (ef atkvæðisvægi einhvers hluthafa er meira eða minna en sem nemur eignarhluta hans í útistandandi hlutafé skal það tekið fram)

Sjá fylgiskjal nr. _____

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að ef óbeinn, virkur eignarhlutur myndast í FÁF þarf óbeini, virki eigandinn að skila inn sérstakri tilkynningu um virkan eignarhluta

Finna má umfjöllun um hvenær óbeinn, virkur eignarhlutur myndast í Viðauka II í evrópsku viðmiðunarreglunum sem vísað er til í inngangi. Ef spurningar vakna má hafa samband við Fjármálaeftirlitið.

1.20 Telst einhver raunverulegur eigandi (e. beneficial owner) fyrirhugaðs eiganda?

Hugtakið „raunverulegur eigandi“ er skilgreint í 13. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, og ber að leggja þá skilgreiningu til grundvallar. Upplýsa skal um nafn, fæðingardag og fæðingarstað, kennitölu eða sambærilegt erlent auðkenni, heimilisfang, símanúmer og netfang og ástæðu þess að viðkomandi telst raunverulegur eigandi.”

Nei, enginn telst raunverulegur eigandi

Já, sjá fylgiskjal nr. _____

1.21 Með vísan til þeirra upplýsinga sem veittar eru í 1.19, veit fyrirhugaður eigandi til þess að hluthafar í sér hafi gert með sér hluthafasamkomulag eða eigi með sér samstarf í skilningi 3. mgr. 40. gr. ffl.?

Sjá fylgiskjal nr. _____

Ef fyrirhugaður eigandi er sjóður (e. fund) skal svara spurningum 1.22-1.23.

Það athugast að rekstraraðilar sjóða sem halda á virkum eignarhlut, og eftir atvikum félag í keðju milli rekstrarfélaga og sjóða, kunna að teljast óbeinir, virkir eigendur. Í vafatvikum má hafa samband við Fjármálaeftirlitið.

- 1.22 Upplýsa skal um nöfn allra sjóðsfélaga sem eiga tilkall til a.m.k. 10% eigna sjóðsins og eignarhlutdeild þeirra í prósentum. Þá skal veita upplýsingar um raunverulega eigendur sjóðsfélaganna
Ef færri en fimm aðilar eiga tilkall til 10% eigna sjóðsins skal alltaf veita upplýsingar um fimm stærstu sjóðsfélagana og raunverulega eigendur þeirra.

Það athugast að ef um er að ræða stóran hlut í FÁF kann Fjármálaeftirlitið að óska eftir frekari gögnum.

Sjá fylgiskjal nr. _____

- 1.23 Er sjóðurinn opinn (e. open ended) eða lokaður (e. closed)?

Opinn Lokaður

Ef fyrirhugaður eigandi er fjárvörslusjóður (e. trust), sem annað hvort er þegar til eða verður til við hin fyrirhuguðu kaup, skal svara spurningum 1.24-1.27.

- 1.24 Tilgreina skal alla vörslumenn (e. trustees) fjárvörslusjóðs sem munu stýra eignum samkvæmt skilmálum fjárvörsluskjalsins (e. trust document) og, ef við á, hluta hvers og eins í tekudreifingu (e. distribution of income) þar sem við á

Sjá fylgiskjal nr. _____

- 1.25 Tilgreina skal alla einstaklinga sem eru raunverulegir eigendur sjóðsins, og alla einstaklinga sem létu eignir renna í sjóðinn (e. settlors), og, ef við á, tilkall hvers og eins til tekna sjóðsins

Sjá fylgiskjal nr. _____

- 1.26 Afhenda skal afrit fjárvörsluskjalsins (e. trust document/trust deed), auk hvers konar viðauka eða hliðarsamkomulaga sem varða sjóðinn

Sjá fylgiskjal nr. _____

- 1.27 Gera skal grein fyrir ástæðu þess að notast er við fjárvörslusjóð

Sjá fylgiskjal nr. _____

2. Viðbótarspurningar ef fyrirhugaður eigandi er einstaklingur

Spurningum í þessum kafla má sleppa ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili

- 2.1 Að því er varðar

- i) fyrirhugaðan eiganda og
ii) alla lögaðila sem hann hefur á síðustu 10 árum stýrt eða ráðið yfir

Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yfirráð skv. 48. tl. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga sbr. 4. tl. og 29. tl. sömu greinar.

er óskað eftir neðangreindum upplýsingum og gögnum:

- a) Hefur einhver aðilanna hlotið dóm í refsímáli eða gert sátt við handhafa opinbers valds vegna meintra brota gegn refsiverðum ákvæðum?

Nei Já

- b) Hefur einhver aðilanna verið ákærður í refsímáli?

Nei Já

- c) Hefur einhver haft stöðu sakbornings hjá lögreglu?

Nei Já

- d) Hefur einhver verið aðili að stjórnsýslumáli (til dæmis, en ekki einskorðað við, mál hjá skattyfirvöldum eða mál hjá eftirlitsaðilum á fjármálamarkaði) þar sem til umfjöllunar voru meint brot gegn lögum eða reglum settum á grundvelli laga?

Nei Já

- e) Hefur einhverjum, af handhafa opinbers valds, t.d. eftirlitsstofnunar, verið gert að víkja úr stjórn lögaðila eða sætt einhvers konar banni við að gegna stöðu stjórnanda lögaðila?
- Nei Já
- f) Hefur einhver verið aðili að einkaréttarlegu máli fyrir dómstólum (undanskilja skal hefðbundin innheimtumál þar sem viðkomandi er sóknaraðili)?
- Nei Já
- g) Hefur gengið úrskurður um gjalþrot einhvers aðilans, greiðslustöðvun eða nauðasamning, eða beiðni hafi verið lögð fram um slíkt úrræði?
- Nei Já
- h) Hefur verið farið fram á fjárnám, eða eða aðra sambærilega fullnustuaðgerð, hjá einhverjum aðilanum?
- Nei Já
- i) Hefur einhver aðilanna sótt um greiðsluaðlögun eða sætt sambærilegri fjárhagslegri endurskipulagningu?
- Nei Já
- j) Hefur einhver aðilanna verið á vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. eða sambærilegri erlendri fjárhagsupplýsingastofu?
- Nei Já
- k) Hefur einhverjum aðilanna verið synjað um leyfi til þess að stunda leyfisskylda starfsemi eða stunda leyfisskylt starf. Enn fremur hvort slíkt leyfi hafi verið afturkallað eða ógilt?
- Nei Já
- l) Hefur einhverjum aðilanna verið vísað úr fagfélagi?
- Nei Já
- m) Hefur einhver aðilanna sætt brottrekstri úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi (e. fiduciary relationship) eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu?
- Nei Já

Tilgreina skal þá aðila sem svörin hér að ofan ná til (sbr. liði i og ii)

Sjá fylgiskjal nr. _____

Upplýsingarnar skulu ekki einskorðast við atvik á Íslandi heldur skal einnig greina frá atvikum í öðrum löndum.

Ef svarið við einhverjum lið hér að ofan er jákvætt skal veita ítarlegar upplýsingar.

Sjá fylgiskjal nr. _____

Að því er varðar fyrirhugaðan eiganda persónulega skal styðja upplýsingagjöf í a-lið með framlagningu sakavottorðs útgefnu af stjórnvaldi í því ríki sem fyrirhugaður eigandi hefur búsetu í

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.2 Hefur áður átt sér stað mat á orðspori fyrirhugaðs eiganda hjá annarri eftirlitsstofnun?

Nei

Já, upplýsingar um eftirlitsstofnuna og gögn um niðurstöður mats er að finna í fylgiskjali nr. _____

2.3 Lýsa skal núverandi atvinnustarfsemi fyrirhugaðs eiganda á ítarlegan og tæmandi hátt

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.4 Afhenda skal lista yfir

- a) eignarhluti fyrirhugaðs eiganda í öðrum félögum, enda fari hann með a.m.k 10% hlutfjár eða atkvæðisréttar,
- b) félög þar sem fyrirhugaður eigandi situr í stjórn eða framkvæmdastjórn,
- c) félög þar sem fyrirhugaður eigandi tilnefnir í stjórn eða framkvæmdastjórn

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.5 Lýsa skal reynslu og þekkingu fyrirhugaðs eiganda af fjármálastarfsemi

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.6 Veita skal ítarlegar upplýsingar um núverandi fjárhagsstöðu fyrirhugaðs virks eiganda, m.a. um:

Tekjur síðustu þriggja ára og uppruna þeirra,
skuldir og upplýsingar um helstu lánardrottna,
eignir,

veðsetningu eigna eða önnur tryggingaréttindi sem hvíla á eignum fyrirhugaðs virks eiganda,
tryggingaréttindi sem fyrirhugaður virkur eigandi kann sjálfur að eiga

Veita skal staðfestingu á upplýsingunum, t.d. með framlagningu afrits af skattframtali eða með yfirlýsingu endurskoðanda. Hafa má samband við Fjármálaeftirlitið ef spurningar vakna um hversu ítarleg staðfestingin þarf að vera.

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.7 Er fyrirhugaður eigandi með lánshæfismat?

Nei

Já, sjá nánari upplýsingar í fylgiskjali nr. _____

2.8 Veita skal upplýsingar um fjárhagsstöðu og lánshæfismat, sé slíkt mat til staðar, allra félaga sem eru undir yfirráðum eða er stjórnad af fyrirhuguðum eiganda. Með upplýsingum um fjárhagsstöðu er átt við nýjasta ársreikning eða árs-
hlutareikning félaganna.

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.9 Lýsing á hagsmunatengslum fyrirhugaðs eiganda, fjárhagslegum eða ófjárhagslegum, við:

Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir og veðsetningar. Með ófjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við frændsemi eða náð, persónulegt samband.

- a) aðra núverandi hluthafa í FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,
- b) aðila með atkvæðisrétt í FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í. Varðandi þennan lið er tilkynnanda sérstaklega bent á að hafa til hliðsjónar lið 1-(f)-(2) á bls. 35 í evrópsku viðmiðunarreglunum, sem sagt er frá í inngangi
- c) stjórnarmenn eða stjórnendur FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,
- d) FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í, og samstæðu þess

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.10 Upplýsingar um aðra hagsmuni fyrirhugaðs eiganda sem kunna að rekast á við hagsmuni FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum

Sjá fylgiskjal nr. _____

2.11 Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl fyrirhugaðs eiganda og aðila í nánnum tengslum við hann, við FÁF

Sjá fylgiskjal nr. _____

3. Viðbótarspurningar ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili

Spurningum í þessum kafla má sleppa ef fyrirhugaður eigandi er einstaklingur

3.1 Að því er varðar

- i. fyrirhugaðan eiganda,
- ii. alla aðila sem stýra starfsemi fyrirhugaðs eiganda,
E. Any person who effectively directs the business of the proposed acquirer. Alltaf skal a.m.k. tilgreina stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Í þeim tilvikum sem framkvæmdastjórn er á hendi fleiri aðila skal tilgreina þá alla.
- iii. hluthafa sem fara með yfir 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í fyrirhuguðum eiganda eða hafa veruleg áhrif á stjórnun hans, og
- iv. öll félög sem fyrirhugaður eigandi stýrir eða ræður yfir,
Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yferráð skv. 48. tl. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga sbr. 4. tl. og 29. tl. sömu greinar

er óskað eftir neðangreindum upplýsingum og gögnum:

- a) Hefur einhver aðilanna hlotið dóm í refsímáli eða gert sátt við handhafa opinbers valds vegna meintra brota gegn refsiverðum ákvæðum?

Nei Já

- b) Hefur einhver aðilanna verið ákærður í refsímáli?

Nei Já

- c) Hefur einhver haft stöðu sakbornings hjá lögreglu?

Nei Já

- d) Hefur einhver verið aðili að stjórnsýslumáli (til dæmis, en ekki einskorðað við, mál hjá skattfyrvöldum eða mál hjá eftirlitsaðilum á fjármálamarkaði) þar sem til umfjöllunar voru meint brot gegn lögum eða reglum settum á grundvelli laga?

Nei Já

- e) Hefur einhverjum, af handhafa opinbers valds, t.d. eftirlitsstofnunar, verið gert að víkja úr stjórn lögaðila eða sætt einhvers konar banni við að gegna stöðu stjórnanda lögaðila?

Nei Já

- f) Hefur einhver verið aðili að einkaréttarlegu máli fyrir dómstólum (undanskilja skal hefðbundin innheimtumál þar sem viðkomandi er sóknaraðili)?

Nei Já

- g) Hefur gengið úrskurður um gjalþrot einhvers aðilans, greiðslustöðvun eða nauðasamning, eða beiðni hafi verið lögð fram um slíkt úrræði?

Nei Já

- h) Hefur verið farið fram á fjárnám, eða aðra sambærilega fullnustuaðgerð, hjá einhverjum aðilanum?

Nei Já

- i) Hefur einhver aðilanna sótt um greiðsluáðlögun eða sætt sambærilegri fjárhagslegri endurskipulagningu?

Nei Já

- j) Hefur einhver aðilanna verið á vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. eða sambærilegri erlendri fjárhagsupplýsingastofu?

Nei Já

- k) Hefur einhverjum aðilanna verið synjað um leyfi til þess að stunda leyfisskylda starfsemi eða stunda leyfisskylt starf. Enn fremur hvort slíkt leyfi hafi verið afturkallað eða ógilt?

Nei Já

l) Hefur einhverjum aðilanna verið vísað úr fagfélagi?

Nei Já

m) Hefur einhver aðilanna hafi sætt brottrekstri úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi (e. fiduciary relationship) eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu?

Nei Já

Tilgreina skal þá aðila sem svörin hér að ofan ná til (sbr. liði i, ii, iii og iv)

Sjá fylgiskjal nr. _____

Upplýsingarnar skulu ekki einskorðast við atvik á Íslandi heldur skal einnig greina frá atvikum í öðrum löndum.

Ef svarið við einhverjum lið hér að ofan er jákvætt skal veita ítarlegar upplýsingar.

Sjá fylgiskjal nr. _____

Að því er varðar einstaklinga sem falla undir liði ii og iii hér að ofan skal styðja upplýsingagjöf í a-lið með framlagningu sakavottorðs útgefnu af stjórnvaldi í því ríki sem viðkomandi einstaklingur hefur búsetu í

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.2 Hefur áður átt sér stað mat á orðspori fyrirhugaðs eiganda hjá annarri eftirlitsstofnun?

Nei

Já, upplýsingar um eftirlitsstofnunina og gögn um niðurstöður mats er að finna í fylgiskjali nr. _____

3.3 Hefur fyrirhugaður eigandi einhvers konar opinbert starfsleyfi? Ef svo er skal veita nánari skýringar

Nei

Já, upplýsingar um starfsleyfið er að finna í fylgiskjali nr. _____

3.4 Hefur fyrirhugaður eigandi áður, hvort heldur sem er á Íslandi eða í öðru landi, sótt um starfsleyfi FÁF en dregið umsókn sína til baka áður en niðurstaða lá fyrir?

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.5 Hefur hæfi fyrirhugaðs eiganda til að fara með virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum aðila verið metið af fjármálaeftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu?

Nei

Já, sjá fylgiskjal með niðurstöðu í fylgiskjali nr. _____

3.6 Lýsa skal reynslu og þekkingu fyrirhugaðs eiganda af fjármálastarfsemi

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.7 Lýsing á fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunatengslum

Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir og veðsetningar. Með ófjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við frændsemi eða náð, persónulegt samband.

i. fyrirhugaðs eiganda,

ii. samstæðu sem fyrirhugaður virkur eigandi tilheyrir,

iii. hvers sem stýrir starfsemi fyrirhugaðs eiganda, þ.m.t. stjórnarmenn og framkvæmdastjóra,

við:

a) aðra núverandi hluthafa í FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,

b) aðila með atkvæðisrétt í FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í. Varðandi þennan lið er tilkynnanda sérstaklega bent á að hafa til hliðsjónar lið 2-(c)-(1) á bls. 36 í evrópsku viðmiðunarreglunum, sem sagt er frá í inngangi.

c) stjórnarmenn eða stjórnendur FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,

d) FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og samstæðu þess

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.8 Upplýsingar um aðra hagsmuni fyrirhugaðs eiganda sem kunna að rekast á við hagsmuni FÁF, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.9 Afhenda skal lista yfir

- a) eignarhluti fyrirhugaðs eiganda í öðrum félögum, enda fari hann með a.m.k 10% hlutafjár,
- b) félög þar sem viðkomandi tilnefnir aðila í stjórn eða framkvæmdastjórn

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.10 Ef fyrirhugaður eigandi er hluti af samstæðu, sem móðurfélag eða dótturfélag, er óskað eftir nákvæmu skipuriti sem sýnir alla uppbyggingu samstæðunnar ásamt upplýsingum um:

- a. hlutföll hlutafjár/stofnfjár og atkvæðisréttar,
- b. hluthafa í lögaðilum innan samstæðunnar sem fara með a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar, eða geta haft veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags,
- c. lýsing á starfsemi allra lögaðila samstæðunnar,

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.11 Ef fyrirhugaður eigandi er hluti af samstæðu, sem móðurfélag eða dótturfélag, þá er óskað eftir upplýsingum um samband aðila á fjármálamarkaði (e. financial entities) og annarra aðila innan samstæðunnar (e. other non-financial group entities)

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.12 Ef í samstæðu fyrirhugaðs eiganda er að finna lánastofnun (e. credit institution), váttryggingarfélag, líftryggingafélag, endurtryggingafélag eða verðbréfafyrirtæki skulu þau tilgreind sérstaklega, sem og sú stofnun sem hefur eftirlit með þeim

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.13 Óskað er eftir síðustu þremur ársreikningum fyrirhugaðs virks eiganda, á móðurfélagsgrunni og á samstæðugrunni, ef við á, og skal a.m.k ársreikningur undangengins árs vera endurskoðaður og áritaður. Ef liðnir eru meira en sex mánuðir frá síðasta ársuppgjöri þarf að leggja fram kannaðan árshlutareikning.

Ef fyrirhugaður virkur eigandi hefur almennt ekki látið endurskoða ársreikninga sína, t.d. vegna smæðar félagsins, getur hann haft samband við Fjármálaeftirlitið og óskað eftir undanþágu frá því að skila inn endurskoðuðum ársreikningi.

Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu fyrirhugaðs eiganda frá síðasta uppgjöri, svo sem vegna afkomu, vegna kaupa eða sölu á stærri eignum og/eða breytinga á skuldum, skal gera ítarlega grein fyrir þeim. Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu viðkomandi frá síðasta árs- eða árshlutauppgjöri kann að vera óskað eftir árs- hlutauppgjöri sem nær yfir þær breytingar sem orðið hafa á fjárhagsstöðu viðkomandi.

Ef fyrirhugaður eigandi er eftirlitsskyldur aðili er óskað eftir útreikningi sem sýnir áhrif á lögbundið eiginfjárlutfall eða gjaldþolshlutfall félagsins fyrir og eftir kaupin. Þá er óskað eftir áætlun um þróun þess til næstu þriggja ára.

Ef fyrirhugaður eigandi er nýstofnað félag er óskað eftir áætlun um efnahags- og rekstrarreikning fyrstu þrjú rekstrarárin, auk upplýsinga um þær forsendur sem liggja að baki áætlunum félagsins.

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.14 Óskað er eftir upplýsingum um lánshæfismat fyrirhugaðs eiganda og heildarmat samstæðu hans, ef slíkt mat er fyrir hendi

Nei

Já, sjá nánari upplýsingar í fylgiskjali nr. _____

3.15 Hver er endurskoðandi fyrirhugaðs eiganda og hvenær tók hann við?

3.16 Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl fyrirhugaðs eiganda og aðila í nánnum tengslum við hann, við FÁF

Sjá fylgiskjal nr. _____

Ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili með höfuðstöðvar sínar í landi utan EES skal svara liðum 3.16-3.18

3.17 Láta þarf Fjármálaeftirlitinu í té afrit af yfirlýsingu fjármálaeftirlits heimaríkis fyrirhugaðs eiganda þess efnis að það geri ekki athugasemd við starfsemi fyrirhugaðs eiganda (e. certificate of good-standing)

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.18 Láta þarf Fjármálaeftirlitinu í té afrit af yfirlýsingu fjármálaeftirlits heimaríkis fyrirhugaðs eiganda þess efnis að ekki séu til staðar hindranir eða takmarkanir á miðlun upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins, sem nauðsynlegar eru til að hafa eftirlit með FÁF

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.19 Láta þarf Fjármálaeftirlitinu í té almenna lýsingu á þeim reglum sem gilda um starfsemi fyrirhugaðs eiganda í heimaríki hans, t.d. hvort starfsemin sé leyfisskyld og háð eftirliti

Sjá fylgiskjal nr. _____

Ef fyrirhugaður eigandi er þjóðarauðssjóður (e. sovereign wealth fund) skal svara liðum 3.20-3.23

3.20 Nafn þess ráðuneytis eða þeirri stjórnarsýsludeildar sem skilgreinir fjárfestingarstefnu sjóðsins

3.21 Sundurliðun fjárfestingarstefnu og allar takmarkanir á fjárfestingum

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.22 Nöfn og stöðu þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á því að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir sjóðinn

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.23 Tilgreiningu á þeim áhrifum sem viðkomandi ráðuneyti eða stjórnarsýslustofnun hefur á daglega starfsemi sjóðsins og FÁF

Sjá fylgiskjal nr. _____

Ef fyrirhugaður eigandi er einkafjármagnssjóður (e. private equity fund) eða vogunarsjóður (e. hedge fund) skal svara liðum 3.24-3.32

3.24 Óskað er ítarlegrar lýsingar á frammistöðu (e. performance) fyrri kaupa á virkum eignarhlutum í FÁF

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.25 Óskað er sundurliðunar á fjárfestingarstefnu fyrirhugaðs eiganda og öllum takmörkunum á fjárfestingu, þar á meðal sundurliðun á eftirliti með fjárfestingum, þáttum sem fyrirhugaður eigandi byggir á við fjárfestingarákvarðanir í tengslum við FÁF og þáttum sem mundu valda breytingum á útgönguáætlun (e. exit strategy) fyrirhugaðs eiganda

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.26 Óskað er ítarlegrar lýsingar á umgjörð ákvarðanatöku fyrirhugaðs eiganda um fjárfestingar. Greina skal þar frá nöfnum og stöðu þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.27 Gera skal ítarlega grein fyrir möguleikum sjóðsins til að koma FÁF til aðstoðar fjárhagslega, ef á reynir

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.28 Hyggst fyrirhugaður eigandi beita sér fyrir breytingu á arðgreiðslustefnu FÁF?

Nei Já, nánari skýringu er að finna í fylgiskjali nr. _____

3.29 Hyggst fyrirhugaður eigandi beita sér því að FÁF selji eignir á næstu 12 mánuðum?

Nei Já, nánari skýringu er að finna í fylgiskjali nr. _____

3.30 Gera þarf ítarlega grein fyrir verklagsreglum fyrirhugaðs eiganda til að fyrirbyggja peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og þeirri lagalegu umgjörð sem við á

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.31 Yfirlit yfir atvinnustarfsemi (e. entrepreneurial activities) fyrirhugaðs eiganda

Sjá fylgiskjal nr. _____

3.32 Hver er líftími sjóðsins og hvaða möguleikar eru á því að framlengja þann líftíma?

Sjá fylgiskjal nr. _____

4. Upplýsingar um þá aðila sem munu stýra FÁF eftir kaupin

4.1 Hyggst fyrirhugaður eigandi á næstu 12 mánuðum gera breytingar á stjórnun fyrirtækisins sem starfar á fjármála-markaði, t.d. með því að tilnefna nýja stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra?

Nei Já

Ef svarið við spurningu 4.1 er já skal svara spurningum 4.2-4.8

4.2 Greina skal Fjármálaeftirlitinu frá eftirfarandi atriðum varðandi hvern og einn stjórnanda sem mun koma nýr að stjórnun fyrirtækisins sem starfar á fjármálamarkaði eftir kaupin:

- Nafn, fæðingardagur og fæðingarstaður, kennitala (eða sambærilegt útlent auðkenni), heimilisfang, símanúmer og netfang
- Fyrirhuguð staða innan FÁF
- Ítarleg ferilskrá, þar sem fram komi
 - o menntun og starfsþjálfun,
 - o nöfn allra fyrirtækja sem viðkomandi hefur unnið hjá,
 - o helstu verkefni á hverjum vinnustað,
 - o tímalengd ráðningarsambands,
 - o nafn, símanúmer og netfang tengiliðs á viðkomandi stað,Fjármálaeftirlitið kann að hafa samband við tengiliðinn til að staðreyna upplýsingarnar

Þegar störfum sem viðkomandi hefur gegnt á undanförunum 10 árum er lýst skal tilgreina valdsvið viðkomandi, heimild til ákvörðunartöku innan félagsins og þau svið starfseminnar sem lutu stjórn hans

Sérstaklega skal í ferilskrá fjalla um starfsreynslu á sviði þess FÁF sem fyrirhugað er að kaupa í

Búi viðkomandi yfir annarri reynslu, svo sem setu í framkvæmdastjórn, skal hún tilgreind í ferilskrá

Sjá fylgiskjal nr. _____

4.3 Að því er varðar hvern og einn aðila sem kemur nýr að stjórn FÁF eftir kaupin er óskað eftir upplýsingum um

a) Hefur einhver aðilanna hlotið dóm í refsímáli eða gert sátt við handhafa opinbers valds vegna meintra brota gegn refsiverðum ákvæðum?

Nei Já

b) Hefur einhver aðilanna verið ákærður í refsímáli?

Nei Já

- c) Hefur einhver haft stöðu sakbornings hjá lögreglu?
Nei Já
- d) Hefur einhver verið aðili að stjórnsýslumáli (til dæmis, en ekki einskorðað við, mál hjá skattfyrvöldum eða mál hjá eftirlitsaðilum á fjármálamarkaði) þar sem til umfjöllunar voru meint brot gegn lögum eða reglum settum á grundvelli laga?
Nei Já
- e) Hefur einhverjum, af handhafa opinbers valds, t.d. eftirlitsstofnunar, verið gert að víkja úr stjórn lögaðila eða sætt einhvers konar banni við að gegna stöðu stjórnanda lögaðila?
Nei Já
- f) Hefur einhver verið aðili að einkaréttarlegu máli fyrir dómstólum (undanskilja skal hefðbundin innheimtumál þar sem viðkomandi er sóknaraðili)?
Nei Já
- g) Hefur gengið úrskurður um gjalprot einhvers aðilans, greiðslustöðvun eða nauðasamning, eða beiðni hafi verið lögð fram um slíkt úrræði?
Nei Já
- h) Hefur verið farið fram á fjárnám, eða eða aðra sambærilega fullnustuaðgerð, hjá einhverjum aðilanum?
Nei Já
- i) Hefur einhver aðilanna sótt um greiðsluáðlögun eða sætt sambærilegri fjárhagslegri endurskipulagningu?
Nei Já
- j) Hefur einhver aðilanna verið á vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. eða sambærilegri erlendri fjárhagsupplýsingastofu?
Nei Já
- k) Hefur einhverjum aðilanna verið synjað um leyfi til þess að stunda leyfisskylda starfsemi eða stunda leyfisskylt starf. Enn fremur hvort slíkt leyfi hafi verið afturkallað eða ógilt?
Nei Já
- l) Hefur einhverjum aðilanna verið vísað úr fagfélagi?
Nei Já
- m) Hefur einhver aðilanna sætt brottrekstri úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi (e. fiduciary relationship) eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu?
Nei Já

Tilgreina skal þá aðila sem svörin hér að ofan ná til

Sjá fylgiskjal nr. _____

Upplýsingarnar skulu ekki einskorðast við atvik á Íslandi heldur skal einnig greina frá atvikum í öðrum löndum.

Ef svarið við einhverjum lið hér að ofan er jákvætt skal veita ítarlegar upplýsingar.

Sjá fylgiskjal nr. _____

Styðja skal upplýsingar í a-lið með framlagningu sakavottorðs.

Sjá fylgiskjal nr. _____

4.4 Hefur áður átt sér stað mat á orðspori fyrirhugaðs eiganda hjá annarri eftirlitsstofnun?

Nei

Já, upplýsingar um eftirlitsstofnuna og gögn um niðurstöður mats er að finna í fylgiskjali nr. _____

4.5 Lýsing á hagsmunatengslum þess aðila, sem kemur nýr að stjórnun FÁF eftir kaupin, og nánna fjölskyldumeðlima hans, við stjórnarmenn og stjórnendur (þ.m.t. lykilstjórnendur) FÁF sem fyrirhugað er að kaupa í. Greina skal frá fjárhagslegum hagsmunatengslum og ófjárhagslegum hagsmunatengslum.

Sjá fylgiskjal nr. _____

4.6 Áætla skal þann lágmarkstíma sem nýttur verður til að sinna hlutverkum viðkomandi í FÁF (bæði árlegar og mánaðarlegar áætlanir)

Sjá fylgiskjal nr. _____

4.7 Upplýsingar um stjórnarsetu og aðra þátttöku viðkomandi í starfsemi annarra lögaðila en FÁF sem um ræðir (e. executive and non-executive directorships)

Sjá fylgiskjal nr. _____

4.8 Er viðkomandi einstaklingur búsettur á Íslandi og ef ekki, stendur það til?

Já Nei, en stendur til Nei, og stendur ekki til.

5. Upplýsingar um hin fyrirhuguðu kaup

5.1 Nafn og kennitala FÁF sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í.

Nafn _____

Kennitala _____

5.2 Upplýsingar um tímalínu fyrirhugaðra kaupa.

Sjá fylgiskjal nr. _____

5.3 Upplýsingar um seljanda að hlut fyrirhugaðs eiganda
Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir kaupsamningi milli aðila

Sjá fylgiskjal nr. _____

5.4 Tilgreining á fyrirætlunum fyrirhugaðs eiganda með fjárfestingunni, svo sem hvort fjárfestingin sé hugsuð sem hluti af eignasafni (e. portfolio investment) eða hvort um stefnumiðaða fjárfestingu (e. strategic investment) sé að ræða

Sjá fylgiskjal nr. _____

5.5 Heildarhlutafé/stofnfé FÁF og hlutafé/stofnfé í eigu fyrirhugaðs kaupanda, ásamt eignarhlutfalli í prósentum, fyrir og eftir kaupin sem leiða til virks eignarhlutar

Sjá fylgiskjal nr. _____

5.6 Hlutfall atkvæðisréttar, ef annað en eignarhlutfall, sem fyrirhugaður eigandi fer með fyrir og eftir kaupin sem leiða til virks eignarhlutar

Sjá fylgiskjal nr. _____

5.7 Er hlutfall atkvæðisréttar annað en eignarhlutfall?

Nei Já, nánari tilgreiningu er að finna í fylgiskjali nr. _____

5.8 Forsendur sem stuðst var við þegar verð í viðskiptum var ákvarðað og, ef munur var á markaðsverði og kaupverði, skýringar á þeim mismun

Sjá fylgiskjal nr. _____

5.9 Er fyrirhugaður eigandi í samstarfi við annan hluthafa í FÁF, sbr. 3. mgr. 40. gr. ffl.? Ef svarið er já er óskað eftir lista yfir þá hluthafa.

Nei Já, sjá fylgiskjal nr. _____

5.10 Er fyrirhugað að gert sé munnlegt eða skriflegt hluthafasamkomulag við aðra hluthafa viðkomandi FÁF, eða hefur það verið gert? Ef svo er skal jafnframt gera grein fyrir efni þess

Nei Já, sjá fylgiskjal nr. _____

5.11 Er fyrirhugaður eigandi sá aðili sem mun bera alla hagnaðarvon af viðskiptunum og, eftir atvikum, bera alla taps-áhættu af viðskiptunum?

Fyrirhugaður eigandi telst til að mynda ekki vera sá sem ber alla hagnaðarvon af viðskiptunum ef hann hefur gert hagnaðarskiptasamning þar sem hagnaði af fjárfestingunni í FÁF er skipt á milli aðila

Já Nei, sjá nánari skýringu í fylgiskjali nr. _____

5.12 Hefur fyrirhugaður eigandi gert afleiðusamning (t.d. framvirkan samning, kauprétt eða sölurétt) þar sem undirliggjandi eign felst í hlutum útgefnum af FÁF? Ef svo er skal gerð ítarleg grein fyrir efni samninganna og mótaðilum

Nei Já, sjá fylgiskjal nr. _____

5.13 Sér þriðji aðili um fjármögnun kaupanna? Ef svo er skal tilgreina heiti aðilans

Nei Já, nafn: _____

5.14 Hefur fyrirhugaður kaupandi rætt við aðra hluthafa FÁF um breytingar á stjórnarháttum í FÁF, sölu eigna þess eða annars konar dreifingu á eignum þess (t.d. með aðgreiðslu til hluthafa í formi annarra eigna en reiðufjár)?

Nei Já, sjá fylgiskjal nr. _____

6. Upplýsingar um nýja, fyrirhugaða samstæðu og áhrif á eftirlit

6.1 Ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili er óskað eftir greiningu á umfangi samstæðueftirlits eftir hin fyrirhuguðu kaup. Greiningunni skulu fylgja upplýsingar um til hvaða félaga innan samstæðunnar samstæðueftirlitið tekur til eftir kaupin og á hvaða sviðum innan samstæðunnar þessi skilyrði ættu við á heildargrunni eða undir samstæðugrunni.

Sjá fylgiskjal nr. _____

6.2 Munu hin fyrirhuguðu kaup, og þau tengsl sem FÁF mun hafa við fyrirhugaðan kaupanda, hafa áhrif á getu FÁF til að veita Fjármálaeftirlitinu nákvæmar, réttar upplýsingar innan hæfilegs tíma (e. timely and accurate information)?

Sjá fylgiskjal nr. _____

7. Upplýsingar um fjármögnun hinna fyrirhuguðu kaupa

7.1 Óskað er eftir ítarlegri greinargerð sem fjallar um fjármögnun kaupanna. Í greinargerðinni skal a.m.k. veita allar upplýsingar sem fjallað er um í lið 7.2.

Sjá fylgiskjal nr. _____

7.2 Þær upplýsingar sem a.m.k. skal veita eru:

- a) Upplýsingar um notkun fjármagns til kaupanna, uppruna fjármagnsins, og eftir atvikum viðeigandi gögn því til sönnunar að ekki verði reynt að stunda peningþvætti með hinum fyrirhuguðu kaupum, (t.d. afrit af millifærslukvittun af bankareikningi í nafni fyrirhugaðs eiganda til seljanda eða undirritað bréf frá löggiltum endurskoðanda þar sem greint er frá uppruna fjármagnsins sem nota á)
- b) Upplýsingar um form greiðslu fyrir kaupin (e. means of payment) og hvernig greiðslunni verður miðlað til seljanda,
- c) Upplýsingar um hvort greiðslu vegna kaupanna verði aflað á fjármagnsmarkaði, eftir atvikum með útgáfu fjármálagerninga,
- d) Upplýsingar um lánsfé sem nota á við kaupin, svo sem nafn lánveitenda og helstu upplýsingar um lánveitinguna (svo sem gjalddagi, helstu lánaskilmálar, veðsetningar og önnur tryggingaréttindi), ásamt upplýsingum um hvaða fjármuni fyrirhugaður eigandi hyggst nota við að endurgreiða lánið. Ef lánveitandi er ekki eftirlitsskyld fjármálastofnun skal gera grein fyrir uppruna fjármunanna sem lánveitandinn veitti fyrirhuguðum kaupanda að láni.
- e) Upplýsingar um hvers konar fjármálasamkomulag (e. financial arrangement) sem fyrirhugaður eigandi hefur gert við aðra hluthafa í FÁF sem hann hyggst eignast virkan eignarhlut í.
- f) Upplýsingar um eignir, sem fyrirhugaður eigandi eða FÁF sem hann hyggst eignast virkan eignarhlut í, ætlar að selja til að fjármagna kaupin í FÁF (svo sem söluskilmálar, verð, verðmat á eignum o.s.frv.)

8. Upplýsingar sem skal veita ef fyrirhugaður virkur eignarhlutur nemur allt að 20%

Ef fyrirhugaður virkur eignarhluti nemur allt að 20% af hlutafé/stofnfé í FÁF skal fyrirhugaður eigandi skila inn eigendastefnu sem skal innihalda þær upplýsingar sem beðið er um í þessum kafla. Stefnan skal vera í sérstöku skjali, undirritað af fyrirhuguðum eiganda.

- a) Fjallað skal um markmið kaupanna, þ.m.t. ;
 - i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum FÁF,
 - ii. áhrif á rekstur þess,
 - iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða,
 - iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð,
 - v. áform fyrirhugaðs virks eiganda hvað FÁF varðar, þá sérstaklega hvort viðkomandi hyggst beita sér sem virkur minnihlutahluthafi eða ekki, og rökin fyrir því
- b) Tölulegar upplýsingar um fjárhagslega getu og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja FÁF með auknu eigin fé ef
 - i. fjárhagsvandi kemur upp hjá FÁF eða ef
 - ii. þörf er á auknu eigin fé til að styðja við þróun FÁF

Sjá fylgiskjal nr. _____

9. Upplýsingar sem skal veita ef fyrirhugaður virkur eignarhlutur nemur 20%-50%

Ef fyrirhugaður virkur eignarhluti nemur 20%-50% af hlutafé/stofnfé í FÁF skal fyrirhugaður eigandi skila inn eigendastefnu sem skal innihalda þær upplýsingar sem berðið er um í þessum kafla. Stefnan skal vera í sérstöku skjali, undirritað af fyrirhuguðum eiganda.

- a) Fjallað skal um markmið kaupanna, þ.m.t. ;
 - i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum FÁF,
 - ii. áhrif á rekstur þess,
 - iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða,
 - iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð,
 - v. áform fyrirhugaðs virks eiganda hvað FÁF varðar, þá sérstaklega hvort viðkomandi hyggst beita sér sem virkur minnihlutahluthafi eða ekki, og rökin fyrir því
- b) Upplýsingar um fjárhagslega getu og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja FÁF með auknu eigin fé ef
 - i. fjárhagsvandi kemur upp hjá FÁF eða ef
 - ii. þörf er á auknu eigin fé til að styðja við þróun FÁF

- c) upplýsingar um áhrif sem fyrirhugaður eigandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu (þ.m.t. arðgreiðslustefnu) FÁF, stefnu þess (e. strategic development) og ráðstöfun fjármuna (e. allocation of resources)
- d) upplýsingar um fyrirætlanir og væntingar fyrirhugaðs eiganda, að því er varðar FÁF, til næstu þriggja til fimm ára. Fjalla skal um eftirfarandi þætti:
 - i. forsendur fyrirhugaðra kaupa,
 - ii. fjárhagsleg markmið næstu þriggja til fimm ára (ávöxtun eigin fjár, kostnaðar-/arðsemishlutfall, hagnaður á hlut o.s.frv.),
 - iii. hugsanlegar breytingar á starfsemi/vörum/markhópi og hugsanleg endurráðstöfun fjármagns/fjármuna sem fyrirhuguð er innan FÁF,
 - iv. ferlið til að fella FÁF inn í samstæðuskipulag fyrirhugaðs virks eiganda, ef við á, þar á meðal lýsing á þeim samlegðaráhrifum sem stefnt skal að við önnur félög innan samstæðunnar, helstu tengslum sem verða milli FÁF og félaga í samstæðunni sem og lýsing á stefnu um tengsl innan samstæðunnar

Sjá fylgiskjal nr. _____

10. Upplýsingar sem skal veita ef fyrirhugaður virkur eignarhlutur nemur yfir 50%

Ef fyrirhugaður virkur eignarhlutur nemur yfir 50% af hlutafé/stofnfé í FÁF skal fyrirhugaður eigandi skila inn eigenda-stefnu sem skal innihalda þær upplýsingar sem beðið er um í þessum kafla. Stefnan skal vera í sérstöku skjali, undirrituð af fyrirhuguðum eiganda.

- a) Viðskiptaáætlun til þriggja ára. Í henni skulu koma fram markmið með fyrirhuguðum kaupum og helstu aðferðir til þess að ná þeim, þ.m.t.:
 - a. forsendur fyrirhugaðra kaupa,
 - b. fjárhagsleg markmið næstu þriggja til fimm ára (ávöxtun eigin fjár, kostnaðar-/arðsemishlutfall, hagnaður á hlut o.s.frv.),
 - c. hugsanlegar breytingar á starfsemi/vörum/markhópi og hugsanleg endurráðstöfun fjármagns/fjármuna sem fyrirhuguð er innan FÁF,
 - d. ferlið til að fella FÁF inn í samstæðuskipulag fyrirhugaðs virks eiganda, ef við á, þar á meðal lýsing á þeim samlegðaráhrifum sem stefnt skal að við önnur félög innan samstæðunnar, helstu tengslum sem verða milli FÁF og félaga í samstæðunni sem og lýsing á stefnu um tengsl innan samstæðunnar,
 - i. fyrir stofnanir sem hafa starfsleyfi og lúta eftirliti innan Evrópska efnahagssvæðisins nægja upplýsingar um þær tilteknu deildir innan samstæðuskipulagsins sem viðskiptin hafa áhrif á.
- b) Upplýsingar um fjárhagslega getu og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja FÁF með auknu eigin fé ef
 - a. fjárhagsvandi kemur upp hjá FÁF eða ef
 - b. þörf er á auknu eigin fé til að styðja við þróun FÁF.
- c) Fjárhagsáætlun fyrirhugaðs eiganda til þriggja ára hið minnsta, á samstæðugrunni og móðurfélagsgrunni (e. individual and consolidated basis), sem skal innihalda:
 - a. Áætlaðan efnahagsreikning og rekstrarreikning.
 - b. Áætlaðar eiginfjár- og gjaldþolskröfur.
 - c. Umfjöllun um áhættur (e. risk exposure), t.a.m. útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og aðrar við-eigandi áhættur.
 - d. Yfirlit yfir áætlun viðskipti innan samstæðu.
- d) Fyrirhugaðar breytingar á stjórnarháttum og almennu starfsskipulagi viðkomandi FÁF, þ.m.t. á: stjórn félagsins,
 - a. samsetningu og/eða störfum stjórnar og lykilstarfsmanna. Einnig er óskað upplýsinga um áhrif á samsetningu og störf nefnda sem skipaðar eru af framangreindum aðilum (s.s lánanefnd, áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og aðrar nefndir),
 - b. störfum framkvæmdastjóra. Ef ætlunin er að ráða nýjan framkvæmdastjóra er óskað upplýsinga um viðkomandi. Bent er á að Fjármálaeftirlitið metur hæfi viðkomandi skv. 52. gr. ffl.,
 - c. verklagsreglum og kerfum er varða stjórnun, bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og regluvörslu (þ.m.t. varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka) og áhættustýringu, auk upplýsinga ef fyrirhugað er að breyta reglum um ráðningar í lykilstörf innri endurskoðanda, regluvarðar og áhættustjóra,
 - d. starfsemi eða verkefnum fjarmálafyrirtækisins,
- e. heildarhögun upplýsingakerfa: þar á meðal hvers kyns breytingar á stefnum um notkun undirverktaka, flæði gagna, hugbúnað sem notaður verður innan stofnunarinnar, helstu verklagsreglur um öryggi gagna og kerfa, svo og aðgengi að gögnum og kerfum, tæki sem notuð verða (t.d. gagnaafritun, áætlanir um órofinn rekstur, endurskoðunarslóð o.s.frv.), breytingar á áhættumati, eða annað sem skiptir máli við rekstur upplýsingatæknikerfa og áhættumat tengdu rekstri þeirra,

- f. stefnu sem gildir um notkun verktaka og útvistun (sviðin sem um ræðir, val á þjónustuaðilum o.s.frv.) og viðeigandi réttindi og skyldur helstu aðila skv. samningsákvæðum (t.d. fyrirkomulag úttekta, gæði sem krafist verður af þjónustuveitendum o.s.frv.).
- g. öðrum viðeigandi upplýsingum sem varða áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt skipulag FÁF, þar á meðal allar breytingar á atkvæðisrétti hluthafa.

Sjá fylgiskjal nr. _____

11. Takmörkuð upplýsingagjöf

- 11.1 Ef fyrirhugaður eigandi er starfsleyfis skyldur aðili sem lýtur eftirliti fjármálaeftirlits á Evrópska efnahagssvæðinu, og að því gefnu að FÁF sem virki eignarhluturinn myndast í, uppfylli skilyrði sem finna má í 11.4, þá þarf fyrirhugaður eigandi aðeins að veita þær upplýsingar sem vísað er til í lið 11.2 eða 11.3
- 11.2 Ef fyrirhugaður eigandi er einstaklingur skal veita svör við eftirfarandi liðum í þessum gátlista:
- Allir liðir sem eiga við um einstaklinga í kafla 1
 - Liðir 2.6, 2.7, 2.8, 2.9 og 2.10
 - Allir liðir í köflum 4, 5 og 7
 - Liður 6.1
 - Allir liðir í köflum 8, 9 eða 10, eftir því hvað fyrirhugaði eignarhluturinn er stór
- 11.3 Ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili eða fjárvörslusjóður skal veita svör við eftirfarandi liðum í þessum gátlista:
- Allir liðir sem eiga við um lögaðila eða fjárvörslusjóði í kafla 1
 - Liðir 3.6, 3.7, 3.8, 3.9, 3.10, 3.11, 3.12 og 3.14
 - Allir liðir í köflum 4, 5 og 7.
 - Liður 6.1
 - Allir liðir í köflum 8, 9 eða 10, eftir því hvað fyrirhugaður eignarhluti er stór
- 11.4 Skilyrði þess að takmarka megi upplýsingagjöfina á þann hátt sem segir í 11.2 og 11.3 er að FÁF sem fyrirhugað er að kaupa í sé verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
- a) Það hefur ekki heimild til vörslu og umsýslu í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga
 - b) Það hefur hvorki heimild til viðskipta fyrir eigin reikning né til þess að sölutryggja í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga
 - c) Ef verðbréfafyrirtækið hefur heimild til að sinna eignastýringu skulu heildareignir í stýringu vera minni en 500 milljón evrur
- 11.5 Ef hæfi fyrirhugaðs eiganda til að fara með virkan eignarhlut í FÁF hefur verið metið af Fjármálaeftirlitinu á síðastliðnum tveimur árum má við útfyllingu gátlistans vísa til upplýsinga sem eru til staðar hjá eftirlitinu, enda hafi þær ekki breyst
- Ef engin breyting hefur orðið á upplýsingum sem eru til staðar hjá Fjármálaeftirlitinu, og vísað er til við útfyllingu þessa gátlista, skal fyrirhugaður eigandi láta fylgja með yfirlýsingu þess efnis að engar breytingar hafi orðið frá síðasta mati
- 11.6 Ef fyrirhugaður eigandi lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins má við útfyllingu gátlistans vísa til gagna sem eru þegar til staðar hjá eftirlitinu

12. Yfirlýsing um að upplýsingar séu réttar

Ef fyrirhugaður eigandi er einstaklingur fer Fjármálaeftirlitið fram á að eftirfarandi yfirlýsing sé undirrituð af honum.

Ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili fer Fjármálaeftirlitið fram á að þessi yfirlýsing sé undirrituð af þar til bærum aðila innan lögaðilans (t.d. framkvæmdastjóra eða stjórnarformanni).

Ég undirritaður staðfesti að ofangreindar upplýsingar, og upplýsingar í fylgiskjöllum sem ég vísa til að ofan, eru réttar og lýsandi fyrir þau atriði sem spurt er um. Þá mun ég upplýsa Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um hvers konar breytingar á ofangreindum upplýsingum sem kunna að eiga sér stað áður en matinu á hæfi til að fara með virkan eignarhlut lýkur.

Mér er ljóst að röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf getur haft áhrif á mat á hæfi til að fara með virkan eignarhluta og kann að varða refsingu samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dagsetning

Nafn

Staða innan lögaðila
(ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili):

Skjalið skal undirritað og sent til Fjármálaeftirlitsins sem PDF skjal.

Fjármálaeftirlitið kýs heldur að notast sé við rafræna undirskrift, en áfram er þó heimilt að prenta skjalið út, undirrita og skanna það inn.